

2008040037

8717

Landsnet
Árni Jón Elíasson
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. desember 2008

/--

Efni: Þorlákshafnarlínur 2 og 3, 220 kV, í Sveitarfélaginu Ölfusi

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets hf. að matsáætlun um Þorlákshafnarlínur 2 og 3, 220 kV, í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst 28. október 2008 bréf Landsnets og endanleg tillaga fyrirtækisins að matsáætlun þann 3. nóvember 2008:

Þorlákshafnarlínur 2 og 3, 220 kV, í Sveitarfélaginu Ölfusi. Landsnet hf. og EFLA verkfræðistofa, 29. október 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Neytendastofu, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 24. nóvember 2008, Ferðamálastofu með bréfi dags. 19. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. nóvember 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 5. nóvember 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 2. desember 2008, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 20. nóvember 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. nóvember 2008 og Vegagerðinn með bréfi dags. 12. nóvember 2008. Athugasemd barst 25. nóvember 2008 frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Einnig barst, 3. desember eftir kynningartíma, árétting sjónarmiða eigenda Breiðabólstaðar og Litlalands í Ölfusi, en athugasemd þeirra frá kynningu framkvæmdaraðila á tillögunni er fylgiskjal hennar. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 4. desember 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Landsnets hf. dags. 4. desember 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 2.2 og nánar í kafla 3.1, í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti í legu háspennulínanna. Í matsferlinu þarf að gæta að því að athugunarsvæði, skilgreint mannvirkjabelti, sé nægilega vítt til þess að hægt sé að taka tillit til upplýsinga er fram kunna að koma í matsferlinu og taka þarf tillit til við val á endanlegu línustæði. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim forsendum sem áhættugreining byggir á og leiða til þeirrar niðurstöðu að af öryggisástæðum þurfi að leggja aðra línuna frá spennivirki á Hellisheiði en hina frá Kolviðarhóli, en t.d. ekki báðar frá sama spennivirkinu. Gera þarf grein fyrir hvaða þættir voru skoðaðir, hvar og af hverju öryggi er mismikið á einstökum línuleiðum, hver sá munur er og hverjar líkur eru á bilunum.

Í kafla 2.2.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðstrengi sem kost í lagningu flutningslína. Í tillögu að matsáætluninni er jarðstrengur frá Hellisheiði og Kolviðarhóli að Þorlákshöfn ekki lagður fram sem kostur sökum kostnaðar, öryggis og tæknilegra þátta en tekið fram að frekari grein verði gerð fyrir þeim rökum í frummatsskýrslu. Í ljósi umsagna þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir jarðstrengslögnum, kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum, í samanburði við loftlínur um lengri eða skemmri vegalengdir, þó framkvæmdaraðili meti að ekki sé raunhæft að leggja jarðstreng alla leið frá Hellisheiði og Kolviðarhóli að Þorlákshöfn.

Ljóst er að fyrirhuguð háspennulínu mun liggja um margar landareignir. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gefa yfirlit yfir þær jarðir sem fyrirhuguð lína mun liggja um miðað við mismunandi línuleiðir, auk þess að sýna jarðir á korti.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fugla. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og leggja mat á áflugshættu með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og eftir atvikum setja fram mótvægisáðgerðir sem eigi að draga úr áflugshættu fugla á línur.

Í köflum 4.4.5, 4.4.6 og 4.4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræna þætti og svæði á náttúruuminjaskrá og náttúruverndaráætlun. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á korti svæði sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og svæði á náttúruuminjaskrá á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og í næsta nágrenni. Fjalla þarf um hvort og þá hvar samhengi jarðmyndana raskast vegna framkvæmdanna (lína, slóðir) svo sem gíga og hrauntraða og hvernig hefur verið tekið tillit til þess.

Í kafla 4.4.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif þess að línuvegur kann að opna fyrir almenna umferð að svæðum og náttúruyfyrirbærum sem hafa verið fjarri vegi fram til þessa og því undir litlu álagi. Kanna þarf hvort aukið aðgengi, álag, geti haft neikvæð áhrif á verndargildi viðkomandi fyrirbæra eða kalli á mótvægisáðgerðir svo sem að línuvegur

verði ekki opinn fyrir umferð á einhverjum kafla.

Í kafla 4.4.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram staðsetningar fornleifa á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Í kafla 4.4.10 í tillögu að matsáætlun er fjallað um neysluvatn og vatnsvernd. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum slóðagerðar og umferðar innan vatnsverndarsvæða, hættu á mengun vatnsbóla og mótvægisáðgerðum. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbóla, líklegum uppsprettum mengunar (veðrun mastra/húðun), mengunarálagi og mikilvægi vatnsbóla.

Í kafla 4.4.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landnotkun og skipulag. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir sjónarmiðum og rökum landeigenda er varða skerta möguleika þeirra til landnotkunar í ljósi þeirra kosta sem lagðir eru fram. Einnig þarf að gera grein fyrir öðrum kostum sem hafa komið til umfjöllunar og landnotkunar- og skipulagsrökum er komið hafa fram gegn þeim.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðu skipulags í Sveitarfélaginu Ölfusi. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samræmi framkvæmdarinnar við aðalskipulag. Stofnunin telur æskilegt að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi, sem er háð lögum um umhverfismat áætlana, en með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Neytendastofa, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og Vegagerðin. Samtök ferðaþjónustunnar og Mörkin lögmansstofa hf.